

# Ársskýrsla 2024

## Heilbrigðiseftirlit Austurlands

Ritstjóri: Lára Guðmundsdóttir

Júlí 2025



# Efnisyfirlit

<b>1</b>	<b>INNGANGUR</b> .....	<b>2</b>
1.1	STJÓRNSÝSLULEG SKIPAN .....	2
1.2	SKAMMSTAFANIR.....	2
<b>2</b>	<b>HEILBRIGÐISNEFND</b> .....	<b>3</b>
2.1	STARF HEILBRIGÐISNEFNDAR AUSTURLANDS .....	4
<b>3</b>	<b>FJÁRMÁL OG REKSTUR</b> .....	<b>5</b>
<b>4</b>	<b>STARFSLIÐ HAUST ÁRIÐ 2024</b> .....	<b>6</b>
4.1	STARFSMENN OG AÐSETUR .....	6
4.2	SAMSTARFSFUNDIR OG ENDURMENNTUN .....	7
<b>5</b>	<b>STARFSEMI HAUST 2024</b> .....	<b>8</b>
5.1	ÚTGEFIN STARFSLEYFI ÁRIÐ 2024 .....	9
5.2	EFTIRLIT ÁRSINS.....	9
5.3	SÝNATAKA.....	10
5.4	TÓBAKSSÖLULEYFI.....	11
5.5	KVARTANIR OG ÁBENDINGAR.....	12
<b>6</b>	<b>MATVÆLAEFTIRLIT 2024</b> .....	<b>13</b>
6.1	SÝNATAKA MATVÆLA.....	13
6.2	MATVÆLAHÓPUR .....	16
<b>7</b>	<b>HOLLUSTUHÁTTAEFTIRLIT 2024</b> .....	<b>17</b>
7.1	SKIPASKOÐANIR.....	17
7.2	LEIKSVÆÐI OG LEIKVALLATÆKI .....	17
7.3	SUND- OG BAÐSTAÐIR .....	18
7.4	HOLLUSTUHÁTTAHÓPUR .....	19
<b>8</b>	<b>MENGUNARVARNAEFTIRLIT 2024</b> .....	<b>20</b>
8.1	UMHVERFISGÆÐAHÓPUR .....	20
<b>9</b>	<b>LOKAORÐ</b> .....	<b>21</b>



## 1 INNGANGUR

Hér gefur að líta samantekt um starfsemi Heilbrigðiseftirlits Austurlands árið 2024. Ársskýrslan, sem er eingöngu gefin út rafrænt, er send öllum sveitarfélögum á starfssvæði HAUST og helstu samstarfsstofnunum. Auk þess er ársskýrslan aðgengileg á heimasíðu Heilbrigðiseftirlits Austurlands, [www.haust.is](http://www.haust.is), ásamt fyrri ársskýrslum HAUST.

### 1.1 Stjórnsýsluleg skipan

Heilbrigðiseftirlit Austurlands er eitt 9 heilbrigðiseftirlitssvæða sem starfrækt eru á vegum sveitarfélaga á Íslandi, en samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir skal ekkert sveitarfélag vera án heilbrigðiseftirlits. Að Heilbrigðiseftirliti Austurlands standa fimm sveitarfélög, það eru Vopnafjörður, Múlaþing, Fljótsdalshreppur, Fjarðabyggð og sveitarfélagið Hornafjörður. Árið 1998 stofnuðu sveitarfélögin á svæðinu byggðasamlag um rekstur heilbrigðiseftirlits og er stjórn byggðasamlagsins jafnframt heilbrigðisnefnd svæðisins.

### 1.2 Skammstafanir

Eftirfarandi skammstafanir eru notaðar í skýrslunni:

Heilbrigðiseftirlit Austurlands	HAUST
Heilbrigðiseftirlit sveitarfélaganna	HES
Samtök heilbrigðiseftirlitssvæða	SHÍ
Samtök sveitarfélaga á Austurlandi	SSA
Matvælastofnun	MAST
Umhverfisstofnun	UST
Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti	UAR



## 2 HEILBRIGÐISNEFND

Fulltrúar í heilbrigðisnefnd, sem einnig mynda stjórn byggðasamlags um rekstur Heilbrigðiseftirlits Austurlands, eru kosnir til fjögurra ára í senn á fyrsta aðalfundi HAUST eftir sveitarstjórnarkosningar. Í nefndinni eiga sæti fimm fulltrúar sveitarfélaganna, einn fulltrúi náttúruverndarnefnda og einn fulltrúi frá samtökum atvinnurekanda.

Ný heilbrigðisnefnd var kosin á aðalfundi byggðarsamlags um heilbrigðiseftirlit Austurlandssvæðis þann 26. október 2022.

Formaður:	Stefán Þór Eysteinnsson, Fjarðabyggð
Varaformaður:	Jónína Brynjólfsdóttir, Múlaþingi Anna Ragnarsdóttir Pedersen, Hornafjörður Helgi Hlynur Ásgrímsson, Múlaþingi Sandra Konráðsdóttir, Vopnafirði
Fulltrúi atvinnurekanda:	Benedikt Jóhannsson, Fjarðabyggð
Fulltrúi náttúruverndarnefnda:	Kristín Ágústsdóttir, Fjarðabyggð
Varamenn:	Þuríður Lillý Sigurðardóttir, Fjarðabyggð Jóhann Hjalti Þorsteinsson, Múlaþingi Þórhallur Borgarsson, Múlaþingi Janine Arens, Hornafjörður Guðni Jónsson, Fljótsdalshreppi
F.h. atvinnurekanda:	Auður Anna Ingólfisdóttir
F.h. náttúruverndarnefnda:	Gunnhildur Imsland, Hornafirði



## 2.1 Starf Heilbrigðisnefndar Austurlands

Fundir heilbrigðisnefndar eru sex á ári. Vegna mikillar fjarlægðar milli nefndarmanna eru flestir fundir nefndarinnar fjarfundir. Heilbrigðisnefnd hittist einu sinni á árinu, á Egilsstöðum. Þar fékk nefndin fræðslu um starfsemi HEF veitna, þar á meðal jarðhitaleit og framkvæmdir við fráveitu á Djúpavogi.

Aðalfundur HAUST var að þessu sinni haldinn í gegnum fjarfundabúnað og er það í fyrsta sinn sem það er gert frá stofnun byggðarsamlagsins árið 1998. Fundarstjóri aðalfundar var Sigurjón Andrússon, bæjarstjóri á Höfn og er honum þakkað fyrir góða fundarstjórn.

Fundargerðir Heilbrigðisnefndar Austurlands og fundargerð aðalfundar byggðarsamlags um rekstur heilbrigðiseftirlits Austurlands má finna á heimasíðu HAUST, [www.haust.is](http://www.haust.is)

Fundir Heilbrigðisnefndar Austurlands á árinu 2024 voru sem hér segir:

1. febrúar	11. apríl
6. júní	5. september
17. október	5. desember



### 3 FJÁRMÁL OG REKSTUR


Heildarframlög sveitarfélaganna til HAUST eru tvenns konar. Annars vegar áætlaðar tekjur af eftirlitsskyldri starfsemi í hverju sveitarfélagi og hins vegar íbúaframlag, bein gjöld sveitarfélaga skv. íbúafjölda næstliðins árs. Sveitarfélög greiða framlög til HAUST með mánaðarlegum greiðslum og annast innheimtu eftirlitsgjalda starfsleyfisskyldra fyrirtækja. Undanfarin ár hefur fjárhagsstaða HAUST verið góð. Hefur því íbúaframlag sveitarfélaganna verið lækkað úr 30 % undanfarin tvö ár, niður í 25%. Á aðalfundi byggðasamlags um heilbrigðiseftirlit á Austurlandssvæði var ákveðið að íbúaframlag sveitarfélaganna yrði óbreytt, 25%.

Rekstur byggðasamlags um heilbrigðiseftirlit á Austurlandssvæði hefur verið stöðugur undanfarin ár og án ófyrirséðra útgjalda. Rekstrarniðurstaða á árinu 2023 var neikvæð um 2,3 millj. kr. samkvæmt rekstrarreikningi. Í töflunni hér fyrir neðan má sjá niðurstöður ársreiknings fyrir árið 2023 og fjárhagsáætlun fyrir sama ár.

Tafla 1. Rekstrarniðurstaða 2023

	Niðurstaða ársreiknings 2023	Fjárhagsáætlun 2023
Tekjur	88.363.939	90.493.796
Gjöld	91.575.292	90.495.315
<b>Niðurstaða</b>	<b>(2.342.776)</b>	<b>(1.519)</b>

Ársreikningar Heilbrigðiseftirlits Austurlands eru aðgengilegir á heimasíðu HAUST, [www.haust.is](http://www.haust.is)



Mynd 1. Hlutfallsleg skipting kostnaðar HAUST skv. ársreikningi 2023.



## 4 STARFSLIÐ HAUST ÁRIÐ 2024

### 4.1 Starfsmenn og aðsetur

Heilbrigðisfulltrúar starfa í umboði heilbrigðisnefndar og er ætlað að framfylgja ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og matvælalaga nr. 93/1995. Markmið laga um hollustuhætti og mengunarvarnir er að búa landsmönnum heilnæm lífsskilyrði og vernda þau gildi sem felast í heilnæmu og ómenguðu umhverfi. Matvælalög taka til framleiðslu og dreifingar matvæla á öllum stigum og er tilgangur laganna að tryggja gæði, öryggi og hollustu matvæla eftir því sem kostur er og að merkingar og aðrar upplýsingar um þau séu réttar og fullnægjandi.

Alls störfuðu sex starfsmenn hjá HAUST í 5,2 stöðugildum á árinu 2024. Starfsmenn HAUST eru með aðsetur á þremur stöðum í umdæminu, á Egilsstöðum, Djúpavogi og á Höfn.

Tafla 2. Starfsmenn HAUST á árinu 2024 voru eftirfarandi:

Starfsmaður	Stöðugildi	Aðsetur
Borgþór Freysteinsson mjólkurfræðingur	40% stöðugildi	Hafnarbraut 27, 780 Höfn
Elínborg Sædis Pálsdóttir M.Sc í líffræði og heilbrigðisfulltrúi	90% stöðugildi	Tjarnarbraut 39b, 700 Egilsstaðir
Kjartan Róbertsson B.Sc í byggingafræði	100% stöðugildi	Tjarnarbraut 39b, 700 Egilsstaðir
Lára Guðmundsdóttir M.Sc. í auðlindafræði og B.Sc í umhverfisfræði og heilbrigðisfulltrúi	100% stöðugildi, framkvæmdastjóri	Tjarnarbraut 39b, 700 Egilsstaðir
Maja Karlović M.Sc. í næringarfræði og B.Sc. í matvælafræði	100% stöðugildi	Tjarnarbraut 39b, 700 Egilsstaðir
Ólöf Vilbergsdóttir M.Sc. í umhverfisverndun og -stjórnun og B.Sc. í umhverfisfræðum og heilbrigðisfulltrúi	90% stöðugildi	Bakki 1, 765 Djúpivogur



## 4.2 Samstarfsfundir og endurmenntun

Heilbrigðisfulltrúar starfa skv. reglugerð nr. 571/2002 um menntun og skyldur heilbrigðisfulltrúa. Endurmenntun heilbrigðisfulltrúa er mikilvæg til að tryggja að starfsfólk haldi í við nýjungar, breyttar reglugerðir og þróun innan síns starfssviðs. Í síbreytilegu umhverfi er endurmenntun lykilþáttur í að viðhalda faglegu sjálfstrausti, auka skilvirkni og tryggja að opinber starfsemi sé í takt við nýjustu kröfur og þekkingu.

Samstarf milli heilbrigðiseftirlitssvæða sem og samstarf við MAST og UST er lykilatriði m.t.t. samræmingar eftirlits. Samkvæmt lögum nr. 93/1995 um matvæli og lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir hafa þessar stofnanir yfirumsjón með heilbrigðiseftirliti. Faghópar matvælaeftirlits, mengunareftirlits og hollustuháttaeftirlits eru mikilvægir fyrir samræmingu eftirlits og tryggja að mál fái sambærilega afgreiðslu milli eftirlitssvæða. Á undangengnu ári lá starf hollustuháttahóps og mengunarvarnarhóps HES og UST niðri mestan hluta ársins.

Fundir framkvæmdastjóra með yfirstofnununum tveimur eru alla jafna haldnir mánaðarlega með hvorri stofnun fyrir sig. Framkvæmdastjórar heilbrigðiseftirlitssvæða á Íslandi funda auk þess reglulega yfir árið, m.a. til að efla samræmingu heilbrigðiseftirlits á landsvísu. Dagana 2. – 3. maí hittust framkvæmdastjórar ásamt forstjórum Matvælastofnunar og Umhverfisstofnunar, á vinnufundi á Hótel Laugarbakka í Miðfirði.

Mánaðarlega eru haldnir samráðsfundir um matarborna sjúkdóma með aðilum frá embætti Landlæknis, Matvælastofnunar og heilbrigðiseftirlitssvæðum sveitarfélaga. Á fundunum er farið yfir nýlegar tilkynningar um matarborna sjúkdóma, viðbrögð við þeim og eftirfylgni vegna þeirra.

Samtök Heilbrigðiseftirlitssvæða á Íslandi (SHÍ) og Félag heilbrigðis- og umhverfisfulltrúa héldu ráðstefnu á Hótel Hallormsstað dagana 9.-11. október. Efni ráðstefnunnar var mjög fjölbreytt og fræðandi. Meðal erinda á ráðstefnunni var starfsmannapjálfun matvælafyrirtækja, hreinsun á númerslausum bílum, staða fráveitumála á Íslandi og erindi um baðstaði í náttúrunni. Í lokin var farið í vettvangsferð í Vök þar sem okkur gafst tækifæri á að kynnast starfseminni og að lokum skellti hópurinn sér í laugarar.

FUMÍS - Fagfélag um mengun á Íslandi stóð fyrir grunnnámskeiði í sýnatöku úr menguðum jarðvegi og grunnvatni í samvinnu við Umhverfisstofnun 16.-17. október 2024. Námskeiðið var vel sótt og komust færri að en vildu. Á námskeiðinu átti HAUST einn fulltrúa.


HACCP námskeið fyrir heilbrigðisfulltrúa var haldið 25.-27. nóvember af Campden BRI frá Bretlandi. Tveir heilbrigðisfulltrúar HAUST sátu námskeiðið. MAST hélt einnig námskeið um almennar merkingar á matvælum þann 15. maí, þar sem farið var yfir lög og reglugerðir, eftirlit o.fl. sem og verkefnavinnu í hópum.

Í október héldu Umhverfisstofnun, Landhelgisgæslan og Samgöngustofa sameiginlega mengunarvarnaræfingu á Reyðarfirði. Æfð voru viðbrögð við bráðamengun í sjó og notkun mengunarvarnabúnaðar í eigu Landhelgisgæslunnar og Fjarðabyggðarhafna. HAUST tók þátt í æfingunni þar sem heilbrigðiseftirlitssvæðin hafa hlutverki að gegna komi bráðamengun upp innan hafna.



## 5 STARFSEMI HAUST 2024

Hlutverk heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga er m.a. að gefa út starfsleyfi og hafa eftirlit með starfsemi starfsleyfisskyldra fyrirtækja samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og lögum nr. 93/1995 um matvæli. Starfsemi HAUST má skipta upp í þrjú megin svið, hollustuháttasvið, mengunarvarnasvið og matvælasvið.




**Mynd 2. Fjöldi eftirlitsskyldra starfsstöðva 2020-2024**

Fjöldi eftirlitsskyldra starfsstöðva á starfssvæði HAUST var 1.410 árið 2024. Nánar verður fjallað um fjölda fyrirtækja með starfsleyfi síðar í skýrslunni.



## 5.1 Útgefin starfsleyfi árið 2024

Útgefin starfsleyfi árið 2024 voru 137, þar af 9 tímabundin starfsleyfi. Staðfestar skráningar skv. reglugerð um skráningarskyldan atvinnurekstur voru 24. Fjöldi útgefinna starfsleyfa og staðfesta skráninga var yfir meðallagi undanfarinna 5 ára.



Mynd 3. Útgefin starfsleyfi 2020-2024.

## 5.2 Eftirlit ársins


Eftirlitsáætlun starfsleyfis- og skráningarskyldrar starfsemi er útbúin í upphafi árs og tekur tíðni eftirlits mið af áhættumati starfsgreina. Á árinu 2024 voru alls 862 starfsstöðvar á eftirlitsáætlun og tókst að ljúka eftirliti á 639 starfsstöðvum, eða 74%. Auk reglubundinna eftirlitsferða eru fyrirtæki heimsótt vegna tilfallandi eftirlits, kvartana, úttekta eða eftirfylgni vegna frávika sem skráð eru við eftirlit. Hvert fyrirtæki getur talist vera fleiri en ein starfsstöð. Á það t.d. við um gististað á sviði hollustuhátta sem er tengdur einkavatnsveitu skv. matvælalögum. Áhættumat getur þá með sama hætti verið mismunandi milli ólíkra þátta starfseminnar og tíðni eftirlits sömuleiðis.



### 5.3 Sýnataka

Hluti af störfum heilbrigðisfulltrúa er sýnataka af neysluvatni, baðvatni, matvælum og fráveitum. Flest sýni eru tekin af neysluvatni og verða þeim nánar gerð skil síðar í skýrslunni. Tilgangur sýnatöku er að ganga úr skugga um að kröfur sem fram koma í reglugerðum og starfsleyfum séu uppfylltar.

Á árinu 2024 tók Heilbrigðiseftirlit Austurlands alls 311 sýni og sendi til rannsóknar. Miðað við sýnatökuáætlun fyrir árið 2024 voru tekin 81% af þeim sýnum sem áformað var.




Mynd 4. Fjöldi sýna undanfarin 5 ár.



## 5.4 Tóbakssöluleyfi

Tóbakssöluleyfi eru gefin út á grunni laga nr. 6/2002 um tóbaksvarnir og gilda leyfin í fjögur ár frá útgáfudegi. Eftirlit með fyrirkomulagi tóbakssölu fer fram árlega, samhliða reglubundu eftirliti með viðkomandi starfsstöðvum. Í árslok 2024 voru 26 tóbakssöluleyfi í gildi en alls höfðu 9 leyfi verið gefin út á árinu. Á mynd 7. sést fjöldi útgefinna tóbakssöluleyfa auk fjölda gildra leyfa á hverju ári.



Mynd 5. Fjöldi útgefinna tóbakssöluleyfa og fjöldi leyfa í gildi.



## 5.5 Kvartanir og ábendingar

Kvartanir og ábendingar sem berast Heilbrigðiseftirlitinu geta reynst mikilvægar fyrir viðbótareftirlit. Árlega berast HAUST fjölmargar kvartanir og ábendingar um það sem betur má fara. Farið er með allar kvartanir og ábendingar sem berast heilbrigðiseftirlitinu sem trúnaðarmál og ekki er upplýst um hver kemur ábendingunni á framfæri, þrátt fyrir oft á tíðum mikinn þrýsting eftirlitsþega þar um. Bent er á að kvartanir eða ábendingar má senda á netfangið [haust@haust.is](mailto:haust@haust.is) eða í síma 474-1235. Þá hefur verið tekið í gagnið ábendingaform á heimasíðu HAUST þar sem hægt er að senda inn nafnlausar kvartanir og ábendingar.

Alls voru 33 kvartanir og ábendingar skráðar hjá HAUST á árinu 2024. Kvartanir á matvælasviði eru sem fyrr ekki margar og voru þær fjórar líkt og undanfarin fjögur ár. Þær kvartanir sem berast snúa oftast en ekki að meðferð matvæla og hreinlæti matvælafyrirtækja. Þá kemur það fyrir að kvartað sé undan vöndum mat.

Kvartanir sem bárust á sviði mengunar- og umhverfismála voru flestar vegna hávaða og ryks sem berst frá iðnaði. Nálægð iðnaðarlóða við íbúabyggðir getur skapað ýmis konar áskoranir þar sem íbúar geta orðið fyrir margvíslegum áhrifum vegna starfsemi sem þar þrífst. Þar með talið vegna hávaða, loftmengunar og umferðarálags. Þar sem íbúðarbyggð og iðnaðarsvæði mætast er því mikilvægt að vanda til skipulags og huga að mótvægisáðgerðum til að draga úr neikvæðum áhrifum.

Á hollustuháttasviði bárust flestar tilkynningar vegna bágborins ástands á húsnæði, skorts á viðhaldi og grunsemda um myglu í húsnæði. Þá bárust ábendingar um hárgreiðslustofur sem voru starfandi án starfsleyfis heilbrigðisnefndar.

Tafla 3. Fjöldi kvartana síðastliðin fimm ár, skipt niður eftir sviðum.

	2020	2021	2022	2023	2024
Matvæli	7	4	4	4	4
Mengun/umhverfismál	20	11	11	16	11
Hollustuhættir	5	5	10	9	6
Aðrar kvartanir	19	5	17	11	12
<b>Alls</b>	<b>51</b>	<b>25</b>	<b>42</b>	<b>40</b>	<b>33</b>



## 6 MATVÆLAEFTIRLIT 2024

Matvælafyrirtæki voru 414 á starfssvæði HAUST árið 2024. Matvælafyrirtæki starfa skv. lögum nr. 93/1995 um matvæli. Markmið og tilgangur matvælaganna er að tryggja gæði, öryggi og hollustu matvæla og að merkingar og aðrar upplýsingar um þau séu réttar og fullnægjandi. Litlar breytingar eru á fjölda matvælafyrirtækja milli ára. Skiptingu matvælafyrirtækja í flokka má sjá í töflunni hér fyrir neðan.

Tafla 4. Fjöldi matvælafyrirtækja á eftirlitsskrá HAUST undanfarin 5 ár, skipt niður eftir sviðum.

Flokkur	2020	2021	2022	2023	2024
Stóreldhús	176	177	179	183	185
Vatnsveitur <150 íbúar	126	128	126	126	129
Vatnsveitur > 150 íbúar	20	19	19	19	20
Smásalar	39	40	38	40	35
Framleiðsla og pökkun	37	37	40	40	36
Önnur matvælafyrirtæki	9	9	10	10	9
<b>Alls</b>	<b>407</b>	<b>410</b>	<b>412</b>	<b>418</b>	<b>414</b>

Flest matvælafyrirtæki á starfssvæðinu eru sem fyrr stóreldhús, en í þann flokk falla m.a. veitingastaðir og mótuneyti. Vatnsveitur á svæðinu voru 149 í árslok 2024, þar af 129 litlar vatnsveitur sem þjóna 150 íbúum eða færri. Í flokk lítilla vatnsveitna falla til dæmis vatnsveitur sem þjóna ferðaþjónustu, kúabúum og annarri matvælaframleiðslu í dreifbýli.

### 6.1 Sýnataka matvæla

Heilbrigðiseftirlit tekur fjöldann allan af matvælasýnum til rannsókna ár hvert til að meta hvort að matvæli uppfylli kröfur er fram koma í reglugerðum. Sýnin eru send á viðurkennda rannsóknarstofu til greiningar. Líkt og áður eru neysluvatnssýni stærstur hluti þeirra sýna sem HAUST tekur ár hvert enda fjöldi vatnsveitna með starfsleyfi á svæðinu mikill. Auk neysluvatnssýna eru tekin sýni af ís úr vél, ásamt sýnum frá minni matvælaframleiðenda á svæðinu sem framleiða meðal annars ost og ís. HAUST hefur tekið árlega sýni til skimunar á varnarefnum í grænmeti sem ræktað er á svæðinu. Sýni eru tekin í samræmi við ákvæði reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 369/2005 um hámarksgildi fyrir varnarefnaleifar í eða á matvælum og fódri úr plöntu- og dýraríkinu. Árlega eru tekin tvö sýni af útiræktuðu grænmeti í samræmi við sýnatökuáætlun Matvælastofnunar. Aldrei hafa greinst varnarefnaleifar í sýnum teknum á starfssvæði HAUST.

#### 6.1.1 Neysluvatn


Neysluvatn er skilgreint sem matvæli og fyrirtæki eða sveitarfélög sem reka vatnsveitur eru því skilgreind sem matvælafyrirtæki. Tilgangur eftirlits Heilbrigðiseftirlits með vatnsveitum er að tryggja að allt neysluvatn uppfylli ákvæði laga og reglugerða um gæði og öryggi.

Eftirlit með vatnsveitum sem þjóna fleiri en 150 íbúum felst meðal annars í sýnatöku af neysluvatni og yfirferð á innra eftirliti vatnsveitanna. Þá er gerð árleg heildarúttekt á efna- og eðlisfræðilegum þáttum neysluvatnsins hjá vatnsveitum sem þjóna fleiri en 500 íbúum eða þar sem vatnsnotkun fer yfir 100 m<sup>3</sup> á dag miðað við ársmeðaltal. Neysluvatn úr þó nokkrum vatnsbólum er sótthreinsað með útfjólubláu ljósi áður en því er veitt til notenda. Slík hreinsun er nauðsynleg þar sem vatnsveitur taka neysluvatn úr yfirborðsvatni. Í öðrum tilvikum er geislun á neysluvatni notuð sem varúðarráðstöfun ef hætta er á




að yfirborðsvatn geti borist í vatnsból við ákveðnar aðstæður. Hvort heldur sem er, er virkt innra eftirlit lyklatriði til að tryggja örugg vatnsgæði. Sé það ekki til staðar er hætt við því að geislunarbúnaðurinn veiti falskt öryggi.

Nýjustu niðurstöður úr heildarúttektum vatnsveitna og reglubundnu eftirliti stærri vatnsveitna eru aðgengilegar á heimasíðu Heilbrigðiseftirlits Austurlands, [www.haust.is](http://www.haust.is)



**Mynd 6. Niðurstöður sýnatöku úr vatnsveitum sem þjóna fleiri en 150 íbúum**

Af 61 sýni sem tekið var í reglubundnu eftirliti með vatnsveitum sem þjóna 150 íbúum eða fleiri reyndust 93% standast gæðakröfur.




**Mynd 7. Niðurstöður sýnatöku úr vatnsveitum sem þjóna færri en 150 íbúum**

Eftirlit með vatnsveitum fyrir færri en 150 íbúa fer að jafnaði fram annað hvert ár. Af 46 reglubundnum neysluvatnssýnum sem tekin voru úr vatnsveitum sem þjóna færri en 150 íbúum eða stóðust 85% gæðaviðmið neysluvatnsreglugerðar. Algengara er hjá minni vatnsbólum að hærra hlutfall sýna standist ekki gæðakröfur neysluvatnsreglugerðar. Mögulegar ástæður fyrir hærra hlutfalli sýna sem ekki standast gæðakröfur gæti verið skortur á innra eftirliti hjá minni vatnsveitum og verri aðbúnaður vatnsbóla.

#### 6.1.2 Ís úr vél

Sýnataka á ís úr vél er mikilvægur þáttur í eftirliti með hreinlæti og heilnæmi íssins enda telst ís úr vél vera viðkvæm matvæli. Nauðsynlegt er því að vanda vel til verka og mikilvægt að innra eftirlit sé virkt til að koma í veg fyrir að hráefnið spillist. Allir sölustaðir sem selja ís úr vél fá árlegt eftirlit heilbrigðisfulltrúa þar sem farið er yfir þessa þætti og jafnframt eru sýni tekin af ísnum árlega. Niðurstöður sýnatöku leyndu engu ef ekki hefur verið staðið rétt að þrifum ísvéla og meðhöndlun á ísblöndu.

Hér fyrir neðan má sjá niðurstöður síðastliðins árs bornar saman við niðurstöður undanfarinna fjögurra ára.



Mynd 8. Ís úr vél, niðurstöður sýnatöku 2020-2025

Af þeim átta sýnum sem tekin voru stóðust þrjú ekki gæðakröfur. Niðurstöður sýnatöku á Ís úr vél sýna að öflugt eftirlit og fræðsla söluaðila eru gríðarlega nauðsynleg til að tryggja öryggi neytenda og koma í veg fyrir mengun matvæla. Þessar niðurstöður undirstrika mikilvægi reglubundins eftirlits og góðra starfshátta við framleiðslu og meðhöndlun íss.

## 6.2 Matvælahópur

Á vettvangi MAST og HES er starfræktur svokallaður matvælahópur en hann er skipaður fulltrúum frá öllum heilbrigðiseftirlitssvæðunum, auk sérfræðinga MAST. Markmið hópsins er að stuðla að samráði og samhæfingu milli MAST og HES og tryggja upplýsingaflæði milli aðila. Hópurinn skipuleggur meðal annars sameiginleg átaksverkefni í matvælaeftirliti og fundaði reglulega á árinu 2024. Fara fundirnir fram á TEAMS. Eftirlitsverkefni 2024 var lifandi skelfiskur á smásölumarkaði þar sem kannað var hvort hann kæmi frá viðurkenndum aðilum. Fulltrúi HAUST í matvælahópnum er Elínborg Sædís Pálsdóttir.



## 7 HOLLUSTUHÁTTAEFTIRLIT 2024

Fyrirtæki á hollustuháttasviði á eftirlitsskrá HAUST voru 653 í árslok 2024. Lítilsháttar fækkun fyrirtækja sem hefur verið viðvarandi undanfarin ár hefur nú snúist við. Skiptingu atvinnugreinaflokka má sjá í meðfylgjandi töflu sem sýnir einnig samanburð við undanfarin fjögur ár.

Tafla 5. Skipting fyrirtækja á hollustuháttasviði árin 2020- 2024.

Flokkur	2020	2021	2022	2023	2024
Sala á gistingu	306	288	278	275	279
Samkomustaðir	79	78	77	77	78
Skólar og menntastofnanir	60	59	60	60	59
Íþróttastaða	62	61	60	60	61
Snyrtistofur	37	39	34	34	33
Heilbrigðisþjónusta	32	34	34	34	34
Leiksvæði	67	69	66	64	69
Hestaleigur	9	9	9	8	7
Annað	31	32	27	29	33
<b>Alls</b>	<b>683</b>	<b>669</b>	<b>645</b>	<b>641</b>	<b>653</b>

### 7.1 Skipaskoðanir

Í samræmi við kröfur alþjóðaheilbrigðisreglugerðarinnar (AHR) þurfa öll skip í millilandasiglingum sem eru stærri en 200 brúttótonn að hafa gilt sóttvarnarundanþáguvottorð, ekki eldra en 6 mánaða. Heilbrigðisnefnd sér um útgáfu sóttvarnarundanþágu og sóttvarnavottorð fyrir skip. Tilgangurinn með heilbrigðisskoðun skipanna er að koma í veg fyrir útbreiðslu sjúkdóma á milli þjóða sem gætu ógnað lýðheilsu íbúa í landi.

HAUST gaf út fimm sóttvarnarundanþáguvottorð árið 2024 í þremur höfnum, Mjóeyrarhöfn við Reyðarfjörð, Norðfjarðarhöfn og Seyðisfjarðarhöfn. Útgefin vottorð voru fjögur árið 2023 en þrjú árið 2022.

### 7.2 Leiksvæði og leikvallatæki

Heilbrigðisnefndir hafa eftirlit með því að farið sé að ákvæðum reglugerðar nr. 1025/2022 um öryggi leiksvallatækja og leiksvæða og eftirlit með þeim. Leikvallatæki og leiksvæðið í heild skulu uppfylla kröfur er fram koma í staðli ÍST EN 1176 ásamt ÍST EN 1177 eða aðrar þær viðmiðanir sem fram koma í reglugerð nr. 1025/2022. Gerð er krafa um þrefalt innra eftirlit sem greinist í reglubundna yfirlitsskoðun, rekstrarskoðun og aðalskoðun.

Markmið með þeim kröfum sem gerðar eru til leiksvæða og leikvallatækja er að stuðla að öryggi barna og annarra í leik og umgengni, með því að tryggja að leikvallatæki og leiksvæði séu hönnuð, frágengin og þeim viðhaldið á öruggan og viðurkenndan hátt.


Um 70 opin leiksvæði eru á starfssvæði HAUST. Þrátt fyrir þær kröfur sem gerðar eru til öryggis leiksvæða er of mikið um að skráð séu endurtekin frávik við reglubundið eftirlit heilbrigðisfulltrúa. Þ.e.a.s. frávik sem eru skráð ár eftir ár án þess að viðeigandi úrbætur hafi farið fram. Þá er ákveðið áhyggjuefni hversu mörg frávik eru skráð við eftirlit leiksvæða.



### 7.3 Sund- og baðstaðir

Heilbrigðisnefnd hefur eftirlit með að farið sé að ákvæðum reglugerðar nr. 814/2010 um hollustuhætti á sund- og baðstöðum, reglugerð nr. 460/2015 um baðstaði í náttúrunni og ákvæðum í starfsleyfi. Eftirlit með sund- og baðstöðum felur í sér eftirlit með aðbúnaði, öryggismálum, heilnæmi baðvatns og öryggi gesta. Í reglubundnu eftirliti með sund- og baðstöðum, þ.m.t. náttúrulegar, eru tekin baðvatnssýni.

Alls voru tekin 58 baðvatnssýni á árinu, að meðtöldum sýnum úr köldum körum við sund- og baðstaði. Af þeim sýnum sem tekin voru, stóðust 84% sýnanna ákvæði reglugerðar nr. 814/2010. Venju samkvæmt voru flest sýnanna sem ekki stóðust gæðakröfur tekin í baðhúsum sem rekin eru í tengslum við gististaði. Óvanalega hátt hlutfall sýna á sundstöðum sveitarfélagana stóðst ekki gæðakröfur eða á þremur sundstöðum. Það sem kom enn meir á óvart var að þessi sýni voru ekki tekin úr köldum körum sem alla jafna eru óklóruð og eiga það til að standast ekki gæðakröfur.



**Mynd 9. Niðurstöður sýnatöku á baðvatni undanfarinna fimm ára.**

Á starfssvæði HAUST eru tveir baðstaðir sem falla undir reglugerð nr. 460/2015 um baðstaði í náttúrunni. Vök baths við Egilsstaði flokkast í 1. flokk þar sem aðsókn baðgesta er reglubundin yfir allt árið. Laugarfell í Fljótsdalshreppi flokkast í 2. flokk skv. 460/2015 þar sem aðsókn baðgesta er mismunandi eftir árstíðum.

Frá því sýnatökur HAUST hófust á báðum þessum stöðum hafa öll sýni staðist gæðaviðmið reglugerðar um baðstaði í náttúrunni. Í raun hafa öll sýni verið langt undir viðmiðunarmörkum. Þau gerlaviðmið sem gerð eru til baðstaða í náttúrunni eru mjög há og séu viðmiðin borin saman við umhverfismörk sem fram koma í reglugerð nr. 769/1999 um varnir gegn mengun vatns, telst vatn þar sem saurmengun er óviðunandi, í lagi skv. regl. 460/2015. Jákvætt er að komin er af stað vinna við endurskoðun á reglugerð um baðstaði í náttúrunni þar sem gæðaviðmiði verður vonandi breytt og ýtarlegri kröfur gerðar til öryggismála. Þá er brýnt að endurskoða heimildir til endurnýtingar baðvatnsins sem er skv. gildandi reglugerð óheimil.



#### 7.4 Hollustuháttahópur

Samstarfshópur Umhverfisstofnunar og heilbrigðiseftirlita sveitarfélaga á sviði hollustuhátta er gríðarlega mikilvægur vettvangur heilbrigðisfulltrúa sem sinna eftirliti á sviði hollustuhátta. Fundir hópsins tryggja meðal annars nauðsynlegt samræmi milli eftirlitsaðila og sambærilega afgreiðslu mála milli heilbrigðiseftirlitssvæða. Starf hópsins fór vel af stað í byrjun árs og var meðal annars haldinn vinnudagur í lok febrúar þar sem unnið var að samræmingaráætlun eftirlits. Frá vinnudeginum í febrúar lágu fundir hollustuháttahóps með UST niðri það sem eftir var ársins. Umhverfisstofnun hefur lögbundnu hlutverki að gegna skv. lögum nr. 7/1998 þar sem fram kemur að stofnunin hefur yfirumsjón með heilbrigðiseftirliti. Í yfirumsjón felst samræming heilbrigðiseftirlits þannig að framkvæmdin sé með sama hætti á landinu öllu. Liður í þessu yfirumsjónarhlutverki hefur undanfarin ár falist í því að halda utan um samráðshóp hollustuhátta. Til að tryggja áframhaldandi samræmingu og faglega framkvæmd eftirlits er brýnt að starf hópsins haldi áfram með reglulegum fundum og markvissu samstarfi.



## 8 MENGUNARVARNAEFTIRLIT 2024

Á eftirlitsskrá HAUST í árslok 2024 voru 343 starfsstöðvar á mengunarvarnarsviði. Skiptingu starfsstöðvanna má sjá í meðfylgjandi töflu sem sýnir einnig samanburð við undanfarin ár.

Tafla 6. Sundurliðun á fyrirtækjum á mengunarvarnarsviði.

Flokkur	2020	2021	2022	2023	2024
Þjónusta við bíla og tæki	120	117	118	116	118
Meðferð úrgangs	75	79	84	86	94
Matvælavinnsla	39	42	36	32	34
Virkjanir, spennistöðvar o.þ.h.	29	29	29	29	28
Jarðefnavinnsla	14	16	16	19	20
Pauleldi	1	1	0	0	0
Trésmíðaverkstæði	14	14	14	12	9
Verslanir og vörugeymslur	5	5	6	5	4
Þvottahús og efnalaugar	11	11	10	8	8
Annað	27	27	39	34	28
<b>Alls:</b>	<b>335</b>	<b>341</b>	<b>352</b>	<b>341</b>	<b>343</b>

### 8.1 Umhverfisgæðahópur

Umhverfisgæðahópurinn sinnir verkefnum er varða mengunareftirlit. Hópurinn var skipaður fulltrúum frá Umhverfisstofnun og heilbrigðiseftirliti sveitarfélaga fyrri hluta ársins. Fulltrúi HAUST í hópnum var Ólöf Vilbergsdóttir. Í byrjun mars var haldin vinnudagur í Reykjavík þar sem fjallað var um samræmingaráætlun eftirlits. Unnið var að verkefnatillögum og forgangsröðun verkefna. Ákveðið var að setja verkefnið að skilgreina úrgangslausnaraðferðir í forgang. Settur var af stað minni hópur til að vinna leiðbeiningar. Starfsmaður Umhverfisstofnunar sá um að leiða þann hóp og var heilbrigðisfulltrúi frá HAUST í hópnum. Leiðbeiningar um skráningu úrgangsstæða eru komnar út.

Í apríl var ljóst að formlegir fundir umhverfisgæðahóps með Umhverfisstofnun væru ekki á dagskrá en heilbrigðisfulltrúar komu sér upp vettvangi til að hittast, bera saman bækur og ræða mál ásamt því að setja fram erindi til Umhverfisstofnunar ef þörf væri á formlegu svari eða leiðbeiningum.



## 9 LOKAORÐ

Starfsemi heilbrigðiseftirlitsins á árinu endurspeglar mikilvægi stöðugs og öflugs opinbers eftirlits til að tryggja heilnæmt og öruggt umhverfi fyrir almenning. Með þeim fjölbreyttu verkefnum sem falla undir verksemi eftirlitsins, allt frá reglubundnu eftirliti og sýnatöku til fræðslu og leiðbeininga, hefur árangur náðst á mörgum sviðum. Niðurstöður ársins, m.a. úr reglubundinni sýnatöku, sýna þó engu að síður fram á að áskoranir eru áfram til staðar. Nauðsynlegt er því að efla eftirlitið enn frekar og tryggja að nægilegur mannaúður og úrræði séu til staðar til að bregðast við sýnbreytilegum áskorunum. Jafnframt er mikilvægt að efla stafræna innviði.

Umræður um breytingar á fyrirkomulagi eftirlits með hollustuháttum, matvælum og mengunarvörnum hafa sett svip sinn á starf heilbrigðiseftirlitsins undanfarin ár. Niðurstöðu starfshóps á vegum matvælaráðuneytisins og orku- og loftslagsráðuneytis um framtíðarfyrirkomulag er nú beðið. Nauðsynlegt er að niðurstaða fái stöðu í málið sem fyrst þar sem ríkjandi óvissuástand um framtíðarfyrirkomulag eftirlits hamlar framþróun.

Á árinu tók gildi endurskoðuð reglugerð um hollustuhætti. Hnykkt var á auglýsingaskyldu tillagna að starfsleyfum sem áður hafði verið lögfest í lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með breytingu nr. 66/2017 á þeim. Með því var gerð skýr sú krafa að auglýsa eigi tillögu um starfsleyfi á sviði hollustuhátta í 4 vikur. Þannig hefur innleiðing Árósasamningsins, sem tryggir aðkomu almennings að ákvörðunum um útgáfu starfsleyfa fyrir meðal annars álver, kjarnorkuver, brennslustöðvar og áburðarverksmiðjur, verið yfirfærð á snyrtistofur og skólahúsnæði. Um miðjan júní var birt í samráðgátt tillaga að breytingu á reglugerð nr. 830/2022 um skráningaskyldan atvinnurekstur þar sem lagt var til að 23 flokkar atvinnugreina yrðu færðir yfir í skráningaskyldu. Þegar á hólminn kom voru aðeins veitingastaðir skv. 903/2024 gerðir skráningaskyldir. Sú breyting hefur nú þegar valdið töluverðu fjaðrafoki þar sem veitingastaðir eru nú háðir tvenns konar leyfum heilbrigðisnefndar skv. túlkun Umhverfis- og orkustofnunar. Á meðan ríkir enn gríðarlegt ósamræmi bæði hvað varðar málshraða og málsmeðferð sambærilegra atvinnugreina á sviði hollustuhátta og mengunarvarna. Hárgreiðslustofur verða því áfram skráningaskyldar á meðan snyrtistofur fá sömu málsmeðferð og stór mengandi iðnaður á borð við kjarnorkuver.

Þrátt fyrir flóknara regluverk og sýnbreytilegar kröfur standa heilbrigðisfulltrúar frammi fyrir verkefnum sem krefjast bæði nákvæmni og fagmennsku. Á sama tíma og ósamræmi í leyfisveitingum og málsmeðferð setur starfsumhverfinu skorður, heldur heilbrigðiseftirlitið áfram að sinna hlutverki sínu af ábyrgð og festu. Í miðju breytileika og óvissu er megináherslan skýr: að vernda þau gildi sem felast í heilnæmu og ómengduðu umhverfi.

Júlí 2025

Lára Guðmundsdóttir  
Framkvæmdastjóri HAUST